**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2633** **2025/EES/28/30**

**frá 8. október 2024**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamíð og mefentríflúkónasól í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamíð og mefentríflúkónasól.

2) Hinn 2. desember 2023 samþykkti Alþjóðamatvælaskrárráðið ný CXL-hámarksgildi fyrir virku efnin asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamíð og mefentríflúkónasól ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([3]) skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum Sambandsins um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitið er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga Sambandsins um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri víðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á áhættur sem stafa af þessum CXL-hámarksgildum fyrir neytendur og birti vísindaskýrslu ([4]). Sambandið lagði fram fyrirvara ([5])·([6]) ([7]) hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar um CXL-hámarksgildi sem voru lögð til fyrir eftirfarandi samsetningar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2633, 9.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/2023-10-21.

([2]) Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið. 46. fundur. Höfuðstöðvar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Róm, Ítalía. 27. nóvember til 2. desember 2023. https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-46%252F%25E2%2598%2585Final%252520Report%252FREP23_CACe.pdf.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Scientific support for preparing an EU position in the 54th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21 8, 1-303, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8111.

([5]) Athugasemdir Evrópusambandsins varðandi Codex CX/PR 23/54/5-Add.1: https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-54%252FWDs%252Fpr54_05_Add1x.pdf.

([6]) Skýrsla frá 54. fundi nefndar Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar REP23/PR54: https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-54%252FREPORT%252FFINAL%252520REPORT%252520CORRIGENDUM%252FREP23_PR54e_CORR.pdf.

([7]) Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið. 46. fundur. Höfuðstöðvar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Róm, Ítalía. 27. nóvember til 2. desember 2023. https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-46%252F%25E2%2598%2585Final%252520Report%252FREP23_CACe.pdf.

af varnarefnum og vörum þar sem Matvælaöryggisstofnunin hafði greint hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir neytendur í vísindaskýrslu sinni: famoxadón í „laukur, undirhópur“, „klungurber, undirhópur“, „aldingrænmeti, aldin plantna af graskersætt, gúrkur og sumargrasker, undirhópur“, „eldpipar“ og „paprikur, þ.m.t. allrahanda og spánskur pipar“; mandíprópamíð í „laukur, undirhópur“, „eggaldin, undirhópur“ og „ginseng, þurrkað, þ.m.t. rautt ginseng“; mefentríflúkónasól í „ætur sláturmatur úr spendýrum“, „egg“, „fita úr spendýrum, að undanskilinni mjólkurfitu“, „kjöt af spendýrum, öðrum en sjávarspendýrum“, „mjólk“, „kjarnaávextir, hópur“, „ætur innmatur úr alifuglum“, „fita úr alifuglum“ og „alifuglakjöt“.

5) CXL-hámarksgildin þar sem Matvælaöryggisstofnunin greindi enga áhættu fyrir neytendur í Sambandinu og þar sem Sambandið lagði því ekki fram fyrirvara hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar eða Alþjóðamatvælaskrárráðinu geta talist örugg. Þetta á við um tiltekin CXL-hámarksgildi fyrir asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamíð og mefentríflúkónasól. Því ætti að skrá þessi CXL-hámarksgildi í reglugerð (EB) nr. 396/2005 nema þegar þau eiga við um vörur sem eru ekki skráðar í I. viðauka við þá reglugerð eða þegar gildi þeirra er lægra en gildandi hámarksgildi leifa fyrir samsetningar af varnarefnum og vörum sem um er að ræða.

6) Að því er varðar mandíprópamíð í dvergbítum komst Matvælaöryggisstofnunin að því, meðan endurskoðun á öllum hámarksgildum leifa fyrir þetta virka efni stóð yfir í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum fyrir dvergbíta ([4]). Fyrirliggjandi upplýsingar voru nægilegar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lagt til hámarksgildi leifa, sem nemur 0,2 mg/kg, sem er öruggt fyrir neytendur og eyður í gögnum voru tilgreindar í II. viðauka við þá reglugerð og tilgreindur frestur fyrir framlagningu upplýsinga, sem vantaði til stuðnings tillögðum hámarksgildum leifa, fyrir Matvælaöryggisstofnunina. Þar eð nýja CXL-hámarksgildið sem nemur 0,2 mg/kg fyrir mandíprópamíð í „aldingrænmeti, aldin plantna af graskersætt, gúrkur og sumargrasker (undirhópur)“ með ætu hýði, sem á við um gúrkur, smágúrkur, dvergbíta, og „aldin plantna af graskersætt með ætu hýði, annað“ var að fullu stutt með gögnum og Sambandið lagði ekki fram fyrirvara um það hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar er hægt að líta svo á að brugðist hafi verið með fullnægjandi hætti við eyðunni í gögnum að því er varðar prófanir á leifum fyrir mandíprópamíð í dvergbítum.

7) Að því er varðar mandíprópamíð í hreðkublöðum var að auki lögð umsókn fyrir viðkomandi aðildarríki skv. 1. mgr. 6. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa.

8) Viðkomandi aðildarríki mátu umsóknina í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sendi umsóknina, matsskýrsluna og málsskjöl til stuðnings til Matvælaöryggisstofnunarinnar.

9) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu áliti um tillagt hámarksgildi leifa ([8]). Hún sendi rökstutt álit sitt til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

10) Að því er varðar mandíprópamíð í hreðkublöðum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvernig eigi að koma tillögðu hámarksgildi leifa í framkvæmd. Hreðkublöð eru skráð í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og flokkuð í undirhópinn grænkál en leifar af mandíprópamíði í hreðkublöðum stafa af notkun efnisins á hreðkur en ekki á grænkál. Þar eð annað hámarksgildi leifa er fastsett fyrir mandíprópamíð í grænkáli, á grundvelli notkunar efnisins á þá nytjaplöntu, er ekki rétt að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa sem nemur 50 mg/kg, sem Matvælaöryggisstofnunin leggur til fyrir mandíprópamíð í hreðkublöðum, fyrir allan undirhóp grænkáls. Því ætti þetta hámarksgildi leifa einungis að gilda um mandíprópamíð í hreðkublöðum.

11) Á grundvelli vísindaskýrslunnar og rökstudds álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa séu viðunandi.

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

---

([8]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Modification of the existing maximum residue level for mandipropamid in radish leaves.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21(12), e8421. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8421.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað dálkanna fyrir asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamíð og mefentríflúkónasól í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asoxýstróbín | Famoxadón (F) | Flútríafól | Mandíprópamíð (öll hlutföll skyldra hverfna) | Me-fentríflúkónasól |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | | | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | |
| 0110010 | Greipaldin | | | | 0,2 | 0,5 |
| 0110020 | Appelsínur | | | | 0,4 | **1** |
| 0110030 | Sítrónur | | | | 0,5 | **1,5** |
| 0110040 | Súraldin | | | | 0,5 | **1,5** |
| 0110050 | Mandarínur | | | | 0,5 | **1,5** |
| 0110990 | Annað (2) | | | | 0,5 | 0,5 |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | **0,06** |
| 0120010 | Möndlur | 0,01 | | **0,8** | | |
| 0120020 | Parahnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120060 | Heslihnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120070 | Goðahnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | 1 | | 0,02 (*) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0120110 | Valhnetur | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0120990 | Annað (2) | 0,01 | | 0,02 (*) | | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,4 | 0,01 (*) | 0,4 |
| 0130010 | Epli | | | | | |
| 0130020 | Perur | | | | | |
| 0130030 | Kveði | | | | | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | | | | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | | | | |
| 0130990 | Annað (2) | | | | | |
| 0140000 | **Steinaldin** | 2 | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | |
| 0140010 | Apríkósur | | | 0,01 (*) | | **2** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | | 1 | | **5** |
| 0140030 | Ferskjur | | | 0,6 | | **2** |
| 0140040 | Plómur | | | 0,4 | | **1,5** |
| 0140990 | Annað (2) | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0150000 | Ber og smá aldin | | | | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 3 | | | 2 | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | 0,01 (*) | 0,8 | | 0,9 |
| 0151020 | Vínþrúgur | | 2 | 1,5 | | **2** |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | 10 | 0,01 (*) | 1,5 | 0,01 (*) | **2** |
| 0153000 | c) **Klungurber** | 5 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | **3** |
| 0153010 | Brómber | | | | | |
| 0153020 | Daggarber | | | | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | | | | | |
| 0153990 | Annað (2) | | | | | |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | |
| 0154010 | Aðalbláber | 5 | | | | **5** |
| 0154020 | Trönuber | 0,5 | | | | 2 |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | 5 | | | | **5** |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | 5 | | | | **5** |
| 0154050 | Rósaldin | 5 | | | | **5** |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | 5 | | | | 2 |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | 5 | | | | 2 |
| 0154080 | Ylliber | 5 | | | | **5** |
| 0154990 | Annað (2) | 5 | | | | 2 |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | | 0,01 (*) | | | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | | | 0,01 (*) | | |
| 0161010 | Döðlur | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 2 |
| 0161040 | Gullappelsínur | 0,01 (*) | | | 0,5 | **1,5** |
| 0161050 | Stjörnualdin | 0,1 | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,2 |
| 0161070 | Jövuplómur | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | 0,01 (*) | | | | |
| 0162020 | Litkaber | 0,01 (*) | | | | |
| 0162030 | Píslaraldin | 4 | | | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | 0,3 | | | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | 0,01 (*) | | | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | 0,01 (*) | | | | |
| 0162990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | | | |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | | | | | |
| 0163010 | Lárperur | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | **1** |
| 0163020 | Bananar | 2 | | 0,3 | 0,01 (*) | **1,5** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0163030 | Mangó | 4 | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | **0,6** |
| 0163040 | Papæjualdin | **4** | | 0,01 (*) | 0,8 | **0,5** |
| 0163050 | Granatepli | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163060 | Morgunberkjur | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163070 | Gvövur | 0,2 | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163080 | Ananas | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163090 | Brauðaldin | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163100 | Dáraaldin | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163110 | Nónberkjur | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | | | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | | | 0,01 (*) | | |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | 7 | 0,02 | | 0,1(+) | **0,05** |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | 1 | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | **0,05** |
| 0212010 | Kassavarætur | | | | | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | | | | | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | | | | | |
| 0212040 | Örvarrætur | | | | | |
| 0212990 | Annað (2) | | | | | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | | 0,01 (*) | | | |
| 0213010 | Rauðrófur | 1 | | | 0,1(+) | **0,5** |
| 0213020 | Gulrætur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213040 | Piparrót | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213050 | Ætihnúðar | 1 | | | 0,01 (*) | 0,1 |
| 0213060 | Nípur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213070 | Steinseljurætur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213080 | Hreðkur | 1,5 | | | 0,3(+) | **0,5** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0213090 | Hafursrætur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213100 | Gulrófur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213110 | Næpur | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0213990 | Annað (2) | 1 | | | 0,01 (*) | **0,5** |
| 0220000 | **Laukar** | 10 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | |
| 0220010 | Hvítlaukur | | | | 0,01 (*) | **0,2** |
| 0220020 | Laukar | | | | 0,1(+) | **0,2** |
| 0220030 | Skalottlaukar | | | | 0,01 (*) | **0,2** |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | | | | 7(+) | **4** |
| 0220990 | Annað (2) | | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | | | | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | 3 | | | | |
| 0231010 | Tómatar | | 2 | 0,8 | 3(+) | **0,7** |
| 0231020 | Paprikur | | 0,01 (*) | 1 | 1 | **1,5** |
| 0231030 | Eggaldin | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 3 | **1,5** |
| 0231040 | Okrur | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | **1,5** |
| 0231990 | Annað (2) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | 1 | | 0,15 | **0,2** | 0,3 |
| 0232010 | Gúrkur | | 0,2 | | | |
| 0232020 | Smágúrkur | | 0,01 (*) | | | |
| 0232030 | Dvergbítar | | 0,2 | | (+) | |
| 0232990 | Annað (2) | | 0,01 (*) | | | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | 1 | 0,01 (*) | 0,3 | | **0,5** |
| 0233010 | Melónur | | | | 0,5 | |
| 0233020 | Risagrasker | | | | **0,4** | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | | | | **0,4** | |
| 0233990 | Annað (2) | | | | 0,3 | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | **0,04** |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)** | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | 5 | | | | 0,7 |
| 0241010 | Spergilkál | | | | 2 | |
| 0241020 | Blómkál | | | | 0,3 | |
| 0241990 | Annað (2) | | | | 0,01 (*) | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | 5 | | | | |
| 0242010 | Rósakál | | | | 0,2 | 0,4 |
| 0242020 | Höfuðkál | | | | 3 | 0,04 |
| 0242990 | Annað (2) | | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | 6 | | | 25 | 0,01 (*) |
| 0243010 | Kínakál | | | | | |
| 0243020 | Grænkál | | | | (+) | |
| 0243990 | Annað (2) | | | | | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | 5 | | | 0,1 | 0,01 (*) |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | | | | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | 10 | 0,01 (*) | | 25 | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0251020 | Salat | | | 1,5 | | 0,01 (*) |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0251050 | Vetrarkarsi | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0251060 | Klettasalat | | | 0,01 (*) | | 7 |
| 0251070 | Sinnepskál | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica) | | | 0,01 (*) | | 7 |
| 0251990 | Annað (2) | | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | 15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 25 | |
| 0252010 | Spínat | | | | | 7 |
| 0252020 | Súpugull | | | | | 0,01 (*) |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | | | | 0,01 (*) |
| 0252990 | Annað (2) | | | | | 0,01 (*) |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 25 | 0,01 (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 25 | 0,01 (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | 0,3 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,15 | 0,01 (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | 70 | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 30 | 7 |
| 0256010 | Kerfill | | | | | |
| 0256020 | Graslaukur | | | | | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | | | | | |
| 0256040 | Steinselja | | | | | |
| 0256050 | Salvía | | | | | |
| 0256060 | Rósmarín | | | | | |
| 0256070 | Garðablóðberg | | | | | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | | | | | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | | | | | |
| 0256100 | Fáfnisgras | | | | | |
| 0256990 | Annað (2) | | | | | |
| 0260000 | **Belgávextir** | 3 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | | | | 1 | **0,05** |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | | | | 0,01 (*) | 0,04 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | | | | 0,01 (*) | **0,15** |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | | | | 0,3 | 0,08 |
| 0260050 | Linsubaunir | | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0260990 | Annað (2) | | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | |
| 0270010 | Sperglar | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270020 | Salatþistlar | 15 | | | 0,01 (*) | 3 |
| 0270030 | Sellerí | 15 | | | 20 | 3 |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 10 | | | 0,01 (*) | 3 |
| 0270050 | Ætiþistlar | 5 | | | 0,3 | 0,7 |
| 0270060 | Blaðlaukar | 10 | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270070 | Rabarbarar | 0,6 | | | 0,01 (*) | 3 |
| 0270080 | Bambussprotar | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | | | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | | | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | | | | |
| 0290000 | Þörungar og dreifkjörnungslífverur | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | |
| 0300010 | Baunir | | | | | **0,07** |
| 0300020 | Linsubaunir | | | | | **1,5** |
| 0300030 | Ertur | | | | | 0,2 |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | | | | 0,2 |
| 0300990 | Annað (2) | | | | | 0,2 |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | |
| 0401000 | **Olíufræ** | | | | | |
| 0401010 | Hörfræ | 0,4 | | 0,02 (*) | | **1** |
| 0401020 | Jarðhnetur | 0,2 | | 0,15 | | 0,01 (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | 0,5 | | 0,02 (*) | | **1** |
| 0401040 | Sesamfræ | 0,01 (*) | | 0,02 (*) | | **1** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,5 | | 0,02 (*) | | **0,15** |
| 0401060 | Repjufræ | 0,7 | | 0,5 | | **1** |
| 0401070 | Sojabaunir | 0,5 | | 0,4 | | **0,4** |
| 0401080 | Mustarðsfræ | 0,5 | | 0,02 (*) | | **1** |
| 0401090 | Baðmullarfræ | 0,7 | | 0,5 | | **0,2** |
| 0401100 | Risagraskersfræ | 0,01 (*) | | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | 0,4 | | 0,02 (*) | | **0,15** |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | 0,4 | | 0,02 (*) | | **1** |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | 0,5 | | 0,02 (*) | | **1** |
| 0401140 | Hampfræ | 0,01 (*) | | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | 0,01 (*) | | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | | | 0,02 (*) | | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | 0,01 (*) | | | | 3 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | 0,01 (*) | | | | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | 0,03 | | | | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | 0,01 (*) | | | | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | | | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | | | | 0,01 (*) | |
| 0500010 | Bygg | 1,5 | 0,2 | **1,5** | | **3** |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0500030 | Maís | 0,02 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0500040 | Hirsi | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | **2** |
| 0500050 | Hafrar | 1,5 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | 0,6 |
| 0500060 | Hrísgrjón | 5 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | **1,5** |
| 0500070 | Rúgur | 0,5 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | **0,4** |
| 0500080 | Dúrra | 10 | 0,01 (*) | 1,5 | | **2** |
| 0500090 | Hveiti | 0,5 | 0,1 | 0,15 | | **0,4** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0500990 | Annað (2) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | | 0,05 (*) | | | |
| 0610000 | **Te** | 0,05 (*) | | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | 0,03 | | 0,15 | 0,05 (*) | **0,4** |
| 0630000 | **Jurtate úr** | | | 0,05 (*) | 0,05 (*) | |
| 0631000 | a) **Blómum** | 60 | | | | 0,05 (*) |
| 0631010 | Gæsajurt | | | | | |
| 0631020 | Læknakólfur | | | | | |
| 0631030 | Rósir | | | | | |
| 0631040 | Jasmína | | | | | |
| 0631050 | Lindiblóm | | | | | |
| 0631990 | Annað (2) | | | | | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | 60 | | | | 0,05 (*) |
| 0632010 | Jarðarber | | | | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | | | | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | | | | | |
| 0632990 | Annað (2) | | | | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | 0,3 | | | | |
| 0633010 | Garðabrúða | | | | | 0,05 (*) |
| 0633020 | Ginseng | | | | | **0,5** |
| 0633990 | Annað (2) | | | | | 0,05 (*) |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | 0,05 (*) | | | | 0,05 (*) |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | 0,05 (*) | | 0,05 (*) | 0,06 | 0,05 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | 0,05 (*) | | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0700000 | **HUMLAR** | 40 | **50** | 20 | 90 | 15 |
| 0800000 | **KRYDD** | | | | | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,3 | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | | | | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0810020 | Ilmfrú | | | | | |
| 0810030 | Sellerí | | | | | |
| 0810040 | Kóríander | | | | | |
| 0810050 | Kúmín | | | | | |
| 0810060 | Dill | | | | | |
| 0810070 | Fenníkur | | | | | |
| 0810080 | Grikkjasmári | | | | | |
| 0810090 | Múskat | | | | | |
| 0810990 | Annað (2) | | | | | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,3 | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | | | | | |
| 0820020 | Kínapipar | | | | | |
| 0820030 | Kúmen | | | | | |
| 0820040 | Kardimommur | | | | | |
| 0820050 | Einiber | | | | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | | | | | |
| 0820070 | Vanilla | | | | | |
| 0820080 | Tamarind | | | | | |
| 0820990 | Annað (2) | | | | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | | | | | |
| 0830990 | Annað (2) | | | | | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | | | | | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | | | | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | | | | | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | | | | | |
| 0850020 | Kapers | | | | | |
| 0850990 | Annað (2) | | | | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | | | | | |
| 0860990 | Annað (2) | | | | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | | | | | |
| 0870990 | Annað (2) | | | | | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | |
| 0900010 | Sykurrófurætur | 5 | | 0,02 | | 0,06 |
| 0900020 | Sykurreyr | 0,05 | | 0,01 (*) | | **1,5** |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | **1** | | 0,01 (*) | | **0,5** |
| 0900990 | Annað (2) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | | 0,01 (*) |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | | | | |
| 1010000 | **Vörur úr** | | | | | |
| 1011000 | a) **Svínum** | (+) | | | | |
| 1011010 | Vöðvi | 0,01 (*) (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1011020 | Fita | 0,05(+) | 0,5 | **0,02** | 0,02 | 0,01 (*) |
| 1011030 | Lifur | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,02 |
| 1011040 | Nýru | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1011990 | Annað (2) | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,02 |
| 1012000 | b) **Nautgripum** | (+) | | | | |
| 1012010 | Vöðvi | 0,01 (*) (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,04 |
| 1012020 | Fita | 0,05(+) | 0,5 | **0,02** | 0,02 | 0,2 |
| 1012030 | Lifur | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,4 |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1012040 | Nýru | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,15 |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,1 |
| 1012990 | Annað (2) | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,4 |
| 1013000 | c) **Sauðfé** | (+) | | | | |
| 1013010 | Vöðvi | 0,01 (*) (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,06 |
| 1013020 | Fita | 0,05(+) | 0,5 | **0,02** | 0,02 | 0,4 |
| 1013030 | Lifur | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,7 |
| 1013040 | Nýru | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,3 |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,3 |
| 1013990 | Annað (2) | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,7 |
| 1014000 | d) **Geitum** | (+) | | | | |
| 1014010 | Vöðvi | 0,01 (*) (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,06 |
| 1014020 | Fita | 0,05(+) | 0,5 | **0,02** | 0,02 | 0,4 |
| 1014030 | Lifur | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,7 |
| 1014040 | Nýru | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,3 |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07(+) | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,3 |
| 1014990 | Annað (2) | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,7 |
| 1015000 | e) **Hestum** | | | | | |
| 1015010 | Vöðvi | 0,01 (*) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,04 |
| 1015020 | Fita | 0,05 | 0,5 | **0,02** | 0,02 | 0,2 |
| 1015030 | Lifur | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,4 |
| 1015040 | Nýru | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,1 |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | 0,1 |
| 1015990 | Annað (2) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,4 |
| 1016000 | f) **Alifuglum** | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | |
| 1016010 | Vöðvi | (+) | | 0,01 (*) | | 0015 |
| 1016020 | Fita | (+) | | **0,03** | | 0,03 |
| 1016030 | Lifur | (+) | | 0,03 | | 0,03 |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1016040 | Nýru | (+) | | 0,03 | | 0,03 |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | (+) | | 0,03 | | 0,03 |
| 1016990 | Annað (2) | (+) | | 0,01 (*) | | 0,03 |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | | | | | 0,01 (*) |
| 1017010 | Vöðvi | 0,01 (*) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | |
| 1017020 | Fita | 0,05 | 0,5 | **0,02** | 0,02 | |
| 1017030 | Lifur | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | |
| 1017040 | Nýru | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,07 | 0,5 | **1** | 0,01 (*) | |
| 1017990 | Annað (2) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | |
| 1020000 | **Mjólk** | 0,01 (*) (+) | 0,03 | 0,01 (*) | 0,01 (*) | |
| 1020010 | Nautgripir | (+) | | | | 0,03 |
| 1020020 | Sauðfé | (+) | | | | 0,04 |
| 1020030 | Geitur | (+) | | | | 0,04 |
| 1020040 | Hestar | (+) | | | | 0,02 |
| 1020990 | Annað (2) | (+) | | | | 0,01 (*) |
| 1030000 | **Fuglsegg** | 0,01 (*) (+) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0015 |
| 1030010 | Hænsni | (+) | | | | |
| 1030020 | Endur | (+) | | | | |
| 1030030 | Gæsir | (+) | | | | |
| 1030040 | Kornhænur | (+) | | | | |
| 1030990 | Annað (2) | (+) | | | | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | | | | | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | | | | | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | | | | | |

(*) Neðri greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(+) Samsetningar varnarefnis og afurðar sem neðanmálsgrein er til um. Skráin yfir neðanmálsgreinar kemur fram hér á eftir.

**Asoxýstróbín**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eiturhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 5. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**1011000 a) Svín**
**1011010 Vöðvi**
**1011020 Fita**
**1011030 Lifur**
**1011040 Nýru**
**1011050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1011990 Annað (2)**
**1012000 b) Nautgripir**
**1012010 Vöðvi**
**1012020 Fita**
**1012030 Lifur**
**1012040 Nýru**
**1012050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1012990 Annað (2)**
**1013000 c) Sauðfé**
**1013010 Vöðvi**
**1013020 Fita**
**1013030 Lifur**
**1013040 Nýru**
**1013050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1013990 Annað (2)**
**1014000 d) Geitur**
**1014010 Vöðvi**
**1014020 Fita**
**1014030 Lifur**
**1014040 Nýru**
**1014050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1014990 Annað (2)**
**1016000 f) Alifuglar**
**1016010 Vöðvi**
**1016020 Fita**
**1016030 Lifur**
**1016040 Nýru**
**1016050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1016990 Annað (2)**

**1020000 Mjólk**
**1020010 Nautgripir**
**1020020 Sauðfé**
**1020030 Geitur**
**1020040 Hestar**
**1020990 Annað (2)**
**1030000 Fuglsegg**
**1030010 Hænsni**
**1030020 Endur**
**1030030 Gæsir**
**1030040 Kornhænur**
**1030990 Annað (2)**

### Famoxadón (F)

(F) Fituleysanlegt

### Mandíprópamíð (öll hlutföll skyldra hverfna)

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eiturhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 23. janúar 2026 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0211000 a) Kartöflur**
**0213010 Rauðrófur**
**0213080 Hreðkur**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eiturhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 11. júlí 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0220020 Laukar**
**0220040 Vorlaukar og pípulaukar**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 11. júlí 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0231010 Tómatar**
**0232030 Dvergbítar**
Fyrir hreðkublöð gildir hámarksgildi leifa sem nemur 50 mg/kg
**0243020 Grænkál“**